

Mál nr. 161/2007

M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B
og
Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar A.

Árekstur á bifreiðastæði við verslunina Fjarðarkaup í Hafnarfirði þann 19.7.2007.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 27.8.2007, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið aftur á bak úr stöðureit á bifreiðastæði við verslunina Fjarðarkaup. Þá var bifreiðinni B einnig ekið aftur á bak úr stöðureit andspænis þeim stöðureit sem A var ekið úr. Varð þá árekstur með bifreiðunum þannig að ákoma var vinstra megin á afturstuðara A og dæld á hægri afturhurð B.

Í gögnum málsins er ekkert haft eftir ökumanni A um áreksturinn eða tildrög hans.

Ökumaður B kvaðst hafa bakkað úr stöðureitnum. Hafi B verið kyrrstæð og hann verið við það að setja bifreiðina í 1. gír, þegar hann hafi orðið var við að A var bakkað úr stöðureitnum og lent á B. Hann hafi ekki náð að flauta áður en árekstur varð.

Álit.

Þar sem ökumaður A hefur ekki tjáð sig um málsatvik verður ekki hjá því komist að leggja frásögn ökumanns B um málsatvik til grundvallar við mat á sök. Samkvæmt því var B kyrrstæð þegar árekstur varð og ökumaðurinn um það bil að setja bifreiðina í 1. gír til að aka áfram. Af því verður ráðið að ökumaður A hafi ekki vitað af B fyrir aftan sig áður en áreksturinn varð. Ef ökumaður A hefði gætt þeirrar varúðar sem af honum mátti krefjast, sbr. m.a 17. gr. umfeðarlaga nr. 50/1987, hefði hann átt að verða var við B í tæka tíð. Verður áreksturinn rakinn til þessa aðgæsluleysis ökumanns A. Eins og málið liggur fyrir eru ekki efni til að leggja sök á ökumann B.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 26. september 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.